

Umsögn rýnihóps borgarráðs um stofnun Carbfix hf.

Á fundi borgarráðs 21. júlí sl. var skipaður rýnihópur til að yfirfara fyrirbyggjandi tillögu að stofnun Carbfix hf. Rýnihópurinn hefur haldið þrjá fundi þar sem forsvarsfólk Carbfix og OR kynntu framtíðarsýn, tækifæri og fjárför félagsins, sem að baki tillögunni liggur. Morgan Stanley og Artica Finance hafa kynnt áhættumat fyrir Carbfix hf., stofnun og fjármögnun félagsins. Þá hefur fjármála- og áhættustýringarvið og embætti borgarlögmans unnið sjálfstætt áhættumat fyrir Reykjavíkurborg sem eiganda. Er öllum þessum aðilum þökuð mikil og vonduð vinna við það vandasama verkefni sem framundan er.

Að mati rýnihóps borgarráðs er óumdeilt að Carbfix býr yfir hugviti og tækni sem getur reynst verulegt framlag til að binda koltvísýring og eftir atvikum aðrar lofttegundir í berg. Takist að þróa og nýta þessa tækni víðar og á stærri skala getur það falið í sér verulegt framlag til loftslagsmála, ekki aðeins á Íslandi heldur á heimsvísu. Carbfix hefur á undanförunum árum tekist að fjármagna sig á aðdáunarverðan hátt með innlendum en fyrst og fremst erlendum rannsókn- og þróunarsjóðum auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur hefur verið fjárhagslegur bakhjarl þess. Ljóst er að næst kafli í þróun Carbfix og einstakra verkefna kalla á tugi milljarða íslenskra króna. Það er langt umfram þær fjárhæðir sem réttlætjanlegt væri að rynnu úr borgarsjóði eða rekstri Orkuveitu Reykjavíkur. Því þarf að sækja aukið fé með sölu hlutafjár og/eða lánnum og er stofnun Carbfix hf liður í því. Fyrir liggja viðskiptaáætlanir og framtíðarsýn fyrirtækisins um hvernig það verði gert, ásamt drögum að stofnsamþykktum og fleira sem fulltrúar í borgarráði hafa fengið aðgang að.

Grunnafstaða rýnihóps:

Rýnihópur borgarráðs telur jákvætt og mikilvægt að Carbfix-tæknin verði þrautreynd og fjármögnuð til innlendra og alþjóðlegra verkefna sem lið í loftslagsaðgerðum Reykjavíkurborgar, Íslands og heimsins.

Rýnihópur borgarráðs telur ekki raunhæft að fjármagna þennan vöxt verkefna Carbfix úr sjóðum borgarinnar eða Orkuveitu Reykjavíkur og að skýr rök séu fyrir því að takmarka áhættu samstæðunnar með því að stofna Carbfix hf.

Rýnihópur borgarráðs tekur undir mikilvægi þess að skjóta traustari lagastoð undir stofnun Carbfix hf. einsog boðað hefur verið.

Rýnihópur borgarráðs tekur undir það mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að fullnægjandi gögn hafi verið lögð fram til að taka megi afstöðu til stofnunar Carbfix hf og styður það.

Rýnihópur borgarráðs tekur undir ábendingar í áhættumati fjármála- og áhættustýringarsviðs og borgarlögmans um mikilvægi þess að ávarpa „óvirkar“ forvirkar aðgerðir við undirbúning stofnskjala Carbfix hf. Er eðlilegt að þau verði lögð fram á vettvangi borgarráðs þegar þau eru fullbúin til að ljóst sé að þessum ábendingum hafi verið fylgt eftir eins og kostur er.


Rýnihópur borgarráðs vekur athygli á grein 3.7. í drögum að samþykktum hlutafélagsins. Félaginu skal vera óheimilt, nema með skriflegu samþykki meirihluta eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, að gefa út hlutafé í félaginu ef slík útgáfa hlutafjár gerir það að verkum að eignarhlutur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. fer niður fyrir 50% af heildarhlutafé félagsins.

Athugasemd Sönnu Magdalenu Mörtudóttur, borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands: Fulltrúi sósíalista telur mikilvægt að tryggja fyrirfram að eignarhlutur hins opinbera geti ekki farið niður fyrir ákveðið hlutfall eða í 0% en eins og staðan er nú þarf skriflegt samþykki

meirihluta eigenda sem koma að ákvarðanatöku til að samþykkja slíkt. Fulltrúi sósíalista telur að stofnsamþykktir eigi að gera ráð fyrir að eignarhlutur eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. verði tryggður frá byrjun. Ef að slíkt fyrirkomulag gengur alls ekki upp er alltaf hægt að endurskoða stofnsamþykktir.

Reykjavík, 18. ágúst, 2022

Hlíta Björg Kjelmindóttir



Jellicia Þorisdóttir

Sanna Magdalena

Mörtudóttir.

Alexandra Brann